



Króna eða evra?

„Gengi krónunnar hefur sveiflast afar mikið á síðustu sex árum, bæði nafngengi og raungengi. Gengissveiflurnar valda óvissu og beinum kostnaði. Munur á hæstu og lægstu stöðu raungengis á þessu árabili miðað við ársfjórðungstölur er hvorki meira né minna en 42%. Það er óviðunandi sveifla fyrir útflutningsfyrirtæki og sérlega bagalegt fyrir nýsköpunarverkefni og sprotafyrirtæki sem hafa takmarkað bolmagn til gengisvarna. Það er því skiljanlegt að talsmenn framsækis atvinnulífs á Íslandi varpi fram þeirri spurningu hvort krónan sé nógu stór fyrir Ísland. Fyrir stórhuga stjórnendur fyrirtækja sem líta á heimsmarkaðinn sem heima-markað sinn – og Ísland þarfnast fleiri slíkra fyrirtækja – er svarið án efa nei.”

Sjá grein eftir Jón Sigurðsson, fv. ráðherra og bankastjóra: Króna eða evra? - Ísland og Evrópusamruninn, bls. 2



Stjórnin jákvæð til aðildar Íslands í ESB?

Opinber orð Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, nýs utanríkisráðherra, umfjöllun fjölmiðla og leiðaraskrif dagblaða og sjálfur stjórnarsáttmálinn virðist benda til þess að inn-ganga Íslands í Evrópusambandið verði ofarlega á dagskrá á kjörtímabilinu eins og leiðarahöfundur Fréttablaðsins komst að orði um hina nýju stefnubreytingu íslensku ríkisstjórnarinnar.

Sjálf segir Ingibjörg Sólrún í nýlegu viðtali við Morgunblaðið að tíminn vinni með stjórnar-ákvörðun um umsókn Íslands um aðild að ESB.

Sjá grein inni í blaðinu: Tíminn vinnur með ESB málinu.



ESB út í geimferðir?

Evrópusambandið hefur lagt fram hugmyndir um að ESB löndin eigi að einbeita sér að geimferðum og þróun geimtækni.

M.a. segir í tillögum ESB, að það sé óviðunandi að Evrópuríkin séu fremst í heiminum á sviði ýmissar tækni en hafði látið geimævintýrið sigla alveg framhjá sér. „Bandaríkin, Rússland, Kína og Indland eru tíu árum á undan okkur í geimtækni,” segir í skýrslu ESB.

ESB reynir að aðstoða Kúbu en Kastró segir nei.

Í febrúarmánuði 2003 opnaði ESB skrifstofu á Kúbu, eins konar óopinbert sendiráð. Hugmyndin með skrifstofunni var að kynna hugmyndir ESB fyrir Kúbverjum, og leitast við að efla frjálsæði í hinu kommúniska einræðisríki Kastrós. Einnig voru uppi hugmyndir að efla viðskiptalega og félagslega aðstoð á eyjunni.

Ekki hefur mikið gerst frá 2003, einkum vegna þess að stjórnvöld á Kúbu bönnuðu fljótlega allar aðgerðir frá ESB á Kúbu. Þetta er kannski ekki skrítið þar eð grunnhugmyndir ESB eru mjög í andstöðu við hið ríkismiðstýrða og kommúniska hugmyndakerfi Kastrós.



Jón Sigurðsson fv. ráðherra og bankastjóri

Króna eða evra? - Ísland og Evrópusamruninn



Um þessar mundir er liðin hálf öld frá því að Rómarsamningurinn um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu (EBE) var undirritaður af þeim sex ríkjum Efnahags-samvinnustofnunar Evrópu sem lengst vildu ganga í samstarfi á sviði viðskipta- og efnahagsmála. Ríkin sex mynduðu með sér tollabandalag með tollfrelsi sín í milli og sameiginlegum ytri tollum. Þremur árum síðar stofnuðu sjö önnur ríki innan Efnahags-samvinnustofnunarinnar, sem skemmra vildu ganga í efnahagslegum og viðskiptalegum samruna, Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA). Þau stefndu að niðurfellingu tolla í viðskiptum innbyrðis, en hverju ríki skyldi hins vegar frjálst að ákveða tolla sína gagnvart ríkjum sem áttu ekki aðild að fríverslunarsvæðinu.

Allar götur síðan hefur það verið eitt helsta umræðu- og ágreiningsefni í íslenskum stjórnámum hvort og á hvern hátt Íslendingar skyldu tengjast viðskiptabandalögunum í Evrópu, með öðrum orðum hvort þeir ættu að taka þátt í fjölbjóðlegu samstarfi í viðskipta- og efnahagsmálum eða halda sig frá slíkri samvinnu og reyna að búa sem mest að sínu. Á þessari hálfu öld hefur aðildarríkjum Evrópusambandsins (ESB), arftaka EBE, fjölgað mjög og vegur þess vaxið. Hins vegar hefur EFTA-ríkjunum fækkað til muna, og má reyndar segja að núorðið búi EFTA umfram allt að samningum sínum við (ESB).

Hiklaust má staðhæfa að sú milliríkja-samvinna, sem stofnað var til með aðild Íslands að EFTA árið 1969, fríverslunarsamningum við EBE 1973 og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) 1993, hafi verið Íslendingum afar hagstæð og í reynd gjörbreytt íslensku samfélagi, efnahags- og atvinnulífi til góðs. Það er ástæða til að rifja upp að ákvarðanirnar um aðild Íslands að EFTA og EES voru á sínum tíma afar umdeildar og knappur meirihluti fyrir samþykkt beggja þessara tímamótasamninga á Alþingi. Nú er það hins vegar allra mál að þeir hafi reynt afar gagnlegir. Þannig hafa Íslendingar borið gæfu til að láta ekki einangrast á sviði alþjóðaviðskipta, heldur gengið til samstarfs við þær nágrannaþjóðir sem þeir hafa öldum saman haft nánust skipti við um að efla sameiginlega hagsmuni í efnahags- og viðskiptamálum.

Og enn standa Íslendingar frammi fyrir því álitaefni hvernig þeir komi ár sinni best fyrir borð í samskiptum við ESB á tímum hnattvæðingar og alþjóðavæðingar íslenskra atvinnuvega. Ein mikilvægasta spurningin í þessu samhengi er hvort það sé fýsilegt fyrir Ísland að taka upp evru sem lögeyri og gjaldmiðil í stað krónunnar. Evran

Og enn standa Íslendingar frammi fyrir því álitaefni hvernig þeir komi ár sinni best fyrir borð í samskiptum við ESB á tímum hnattvæðingar og alþjóðavæðingar íslenskra atvinnuvega. Ein mikilvægasta spurningin í þessu samhengi er hvort það sé fýsilegt fyrir Ísland að taka upp evru sem lögeyri og gjaldmiðil í stað krónunnar.

er sameiginlegur gjaldmiðill þeirra 13 Evrópusambandsríkja sem mynda kjarnann í Efnahags- og myntbandalagi Evrópu (EMU) innan ESB. Í EES-samningnum felst sem kunnugt er ekki aðgengi að EMU, þótt óneitanlega virðist skeggið skylt hökunn. Að flestra mati eru raunhæfir kostir Íslendinga í gjaldmiðils- og gengismálum eins og nú háttar til aðeins tveir, annars vegar núverandi fyrirkomulag og hins vegar upptaka evru í kjölfar aðildar að ESB og EMU. En hvernig hefur núverandi gengistilhögun og peningamálastjórn reynt?

Þegar gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar milli Íslands og annarra landa hafði hvort tveggja verið gefið frjálst í kjölfar breytinga á íslenskum gjaldeyrisreglum upp úr 1990 og síðan EES-samningsins, var ljóst að breyta þyrfti gengistilhögun fyrir íslensku krónuna. Við skilyrði frjálsra gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga var erfitt – ef ekki ógerlegt – að halda áfram einfaldri fastgengisstefnu með krónuna tengda eigin myntkörfu. Það var af þessum sökum að í mars 2001 var tekin upp gengistilhögun sem fól í sér fljótandi gengi og sjálfstæða peningamálastjórn með verðbólgu markmiði þar sem stýrivextir Seðlabankans urðu meginstjórn tæki. Það er skemmst frá því að segja að þessi tilhögun, sem nú hefur staðið í sex ár, hefur því miður ekki gefið góða raun. Því fer fjarri að verðbólgu markmið Seðlabankans, 2,5%, hafi náðst. Áhræði verðbólgunnar hefur verið yfir verðbólgu markmiði – og reyndar yfir efri þolmörkum sem nú eru 4% – meginhluta þess tíma sem liðinn er síðan þessi tilhögun var tekin upp. Verðbólga hefur á undanförunum mánuðum verið tvöfalt til þrefalt hærra en markmið Seðlabankans. Stýrivöxtum Seðlabankans hefur verið beitt til þess að sporna gegn verðbólgu, en þeir hafa reynt áhrifalítillir til þessa þótt þeir séu nú 14,25% – hærra en nokkru sinni fyrr. Vaxtamunur milli Íslands og helstu markaðslanda er einnig meiri en hann hefur áður verið eða 9-11% á mælikvarða stýrivaxta. Vaxtastýringin virðist umfram allt hafa áhrif á verðlag með því að halda gengi krónunnar uppi, en það hefur ýmsar óheppilegar hliðarverkanir. Hágengið veldur ekki síst viðskiptahalla og rekstrarerfiðleikum í útflutnings- og samkeppnisgreinum.

Gengi krónunnar hefur sveiflast afar mikið á síðustu sex árum, bæði nafngengi og raungengi. Gengissveiflurnar valda óvissu og beinum kostnaði. Munur á hæstu og lægstu stöðu raungengis á þessu árabili miðað við ársfjórðungstölur er hvorki meira né minna en 42%. Það er óviðunandi sveifla fyrir útflutningsfyrirtæki og sérlega bagalegt fyrir nýsköpunarverkefni og sprotafyrirtæki sem hafa takmarkað bolmagn til gengisvarna. Meðal þeirra markmiða sem sett voru við val á nýrri gengistilhögun árið 2001 var, auk þess að að halda verðbólgu í skefjum, að draga

úr gengisóvissu og sveiflum og meðfylgjandi viðskiptakostnaði og minnka vaxtamun milli Íslands og annarra landa. Ekkert þessara markmiða hefur náðst. Það er því vandséð að ávinningur hafi verið af sjálfstæðum gjaldmiðli og peningastefnu á þessu árabili. Á hnattvæddum gjaldeyrismarkaði er gengi krónunnar sem minnsta sjálfstæðs gjaldmiðils á markaðnum afar valt og viðkvæmt fyrir sviftingum. Óvissa og hjarðhegðun viðskipta- aðila á gjaldeyrismörkuðum getur valdið yfirskotum eða undirskotum á gengi örmyntar eins og krónunnar, og það getur valdið því að sjálfstæður gjaldmiðill fyrir svo lítið myntsvæði magni beinlínis hagsveiflur í stað þess að greiða fyrir snurðulausri aðlögun þjóðarþúsins að breyttum ytri aðstæðum. Það er því skiljanlegt að talsmenn framsækis atvinnulífs á Íslandi varpi fram þeirri spurningu hvort krónan sé nógu stór fyrir Ísland. Fyrir stórhuga stjórnendur fyrirtækja sem líta á heimsmarkaðinn sem heimamarkað sinn – og Ísland þarfnast fleiri slíkra fyrirtækja – er svarið án efa nei.

Það er brýnt að fram fari fordómalaus athugun á því hvort upptaka evru sem gjaldmiðils á Íslandi sé heppileg frambúðarlausn á þeim gengisvanda sem nú steðjar að íslenskum atvinnuvegum og almenningi. Þetta verður vitaskuld ekki slitið úr samhengi við hugsanlega aðild Íslands að ESB. Það er líka ljóst að að upptaka evru verður því aðeins að veruleika að Ísland fullnægi ströngum skilyrðum um efnahagslegt jafnvægi sem nú skortir mikið á. Efnahagsleg skilyrði fyrir aðild að EMU eru lág verðbólga, lágir vextir, stöðugt gengi og jafnvægi í opinberum fjármálum. Auk þess þarf að uppfylla ákveðin skilyrði um sjálfstæði seðlabanka. Hvað varðar verðbólgu, vexti og gengissveiflur eru íslenskar hagtolur um þessar mundir langt fyrir ofan þessi aðildarmörk. Það mun því óhjákvæmilega taka alllangan tíma að ná tilskildum árangri í þessum efnunum. En það er auðvitað ekki gild röksemd gegn því að hefja þjóðþrifaverk að það sé flókið og tímafrekt. Undirbúningur aðildarsamninga við ESB og staðfastur ásetningur um upptöku evru gæti einmitt orðið gagnleg kjölfesta efnahagsstefnu sem hefði stöðugleika og framfarir að markmiði.

Íslenska þjóðarþúfið hefur náð góðum árangri síðan það var leyst úr álögum hafta á gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar fyrir hálfum öðrum áratug. Frelsi á fjármagnsmarkaði og umsvif íslenskra útrásarfyrirtækja, ekki síst fjármálafyrirtækja, hafa valdið miklu um þennan góða árangur. Til þess að festa hann í sessi þarf að ná jafnvægi í íslenskum þjóðarþúska og stöðugleika í gengismálum.

Þar getur ásetningur um aðild að ESB og EMU gert mikið gagn.

Við höfum í hálfan annan áratug tengst Evrópusambandslöndum æ sterkari böndum með fullri þátttöku í innri markaði þeirra með vörur, þjónustu og fjármagn og hvað varðar frjálsa för fólks á EES-svæðinu. Schengen-samstarfið um vegabréf og lögreglumál hefur reynst okkur vel. Íslensk fyrirtæki hafa á mörgum sviðum haslað sér völl í aðildarlöndum ESB í krafti EES-samningsins, m.a. á sviði sjávarútvegs.

Nýjar aðstæður í öryggis- og varnarmálum kalla líka á nýjar lausnir. Samvinna ESB-ríkja á þessu sviði er í örri mótun, ekki síst hvað varðar varnir gegn hryðjuverkum, náttúruvá og hamförum af mannavöldum. Íslendingar þurfa að freista þess að taka þátt í þessari samvinnu sem verður stöðugt mikilvægari fyrir öryggi þjóðarinnar. Það er mikilvægt

– ekki síst fyrir fámenn ríki – að leita fjölþjóðlegra lausna á þessum vandamálum fremur en með tvíhliða samningum.

Þegar á allt þetta er litið þarf í raun sérstakan rökstuðning fyrir því að stíga ekki það skref til fulls að sækja um aðild að ESB. Í skýrslu Evrópunefndar, sem fram var lögð um miðjan mars sl., er gagnlegt yfirlit yfir helstu álitafni er varða tengsl Íslands við ESB, m.a. um hugsanlega aðild að sambandinu. Þessi skýrsla ætti að verða grundvöllur markvissrar umræðu um það hvernig Íslendingar búi sig á bestan hátt undir aðildarviðræður við ESB.

Þegar nýkjörrið þing kemur saman að loknum kosningum í vor ætti það að ákveða sem fyrst þær leikreglur í stjórnarskrá og löggjöf sem gilda skuli um umsókn Íslands og ákvörðun um aðild að Evrópusambandinu ef til kæmi. Það væri þarflegur og mikilvægur áfangi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, nýr utanríkisráðherra:

Tíminn vinnur með ESB málinu



blaðið þann 27. maí sl.

Orð hennar um ESB og Ísland eru mjög í takt við yfirlýsingu Samfylkingarinnar og kosningastefnu flokksins 2007 en þar segir beinum orðum, að Ísland skuli sækja um aðild að ESB og hefja aðildarviðræður.

Í leiðara Fréttablaðsins þann 29. maí sl. kveður mjög við sama tón og segir að ofanverðu. Undir fyrirsögninni „Nálgast evruna“ er því haldið fram, að þar sem nýr utanríkisráðherra sé formaður Samfylkingarinnar, verði ekki hjá því komist, að nálgun við Evrópusambandið verði á döfinni á kjörtímabilinu. Orðrétt segir: „Að minnsta kosti er ljóst, að ekkert annað stjórnarsamstarf væri líklegra til að sveigja stefnuna í átt að Evrópusamstarfinu og evrunni...“

„Við þurfum að standa vaktina og fylgjast með breytingum á vettvangi Evrópusambandsins og einnig endurmeta hagsmuni innanlands, þannig að við séum viðbúin ef við þurfum að stíga frekari skref í Evrópumálum. Það er alls ekki verið að svæfa málið,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar og nýr utanríkisráðherra í viðtali við Morgun-

Ingibjörg Sólrún utanríkisráðherra segir ennfremur við Morgunblaðið í ofangreindu viðtali, að það verði að ríkja pólitísk sátt um að Ísland eigi að sækja um inngöngu í ESB, en: „Ég held að það sama eigi við um þetta mál og umhverfismálin, - tíminn vinnur með því.“

Við má bæta, að í stjórnsáttmála nýrrar

ríkisstjórnar segir undir liðnum „Opinská umræða um Evrópumál“: *Ríki Evrópu-sambandsins eru mikilvægasta markaðs-svæði Íslands. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) hefur reynst þjóðinni vel og hann er ein af grunnstoðum öflugs efnahagslífs þjóðarinnar. Skýrsla Evrópu-nefndar verði grundvöllur nánari athugunar á því hvernig hagsmunum Íslendinga verði*

í framtíðinni best borgið gagnvart Evrópu-sambandinu.

Hér kveður við allt annan og jákvæðari tón gagnvart umsókn Íslands í ESB en áður þegar ESB málið var um langa hríð bannorð hjá ríkisstjórninni. Það er ljóst af ummælum nýs utanríkisráðherra, samþykktum flokks hans og nýgerðum stjórnarsáttmála, og fyrstu

viðbrögðum fjölmiðla, að umræðan um ESB og Ísland innan íslenskrar ríkisstjórnar er að taka á sig nýrri og nútímalegri mynd í stað þagnar og jafnvel umræðubanns áður.

Þorvaldur Gylfason Evrópumaður ársins 2007

Á fundi Evrópusamtakanna fyrir skömmu var Dr. Þorvaldur Gylfason útnefndur Evrópumaður ársins. Þetta er fjórða skipti sem Evrópu-samtökin veita þessa viðurkenningu en Þorvaldur fékk hana að þessu sinni fyrir elju sína að kynna Evrópumálin fyrir Íslendingum. Hann skrifaði sína fyrstu grein um mikilvægi þess að Íslendingar myndu ganga í Evrópu-sambandið árið 1987 og hefur verið óþreypandi síðan að skrifa og fjalla um þetta málefni.

Þorvaldur Gylfason er prófessor í hagfræði í Háskóla Íslands. Hann er einnig rannsóknarfélagi við Hagstjórnarfræðistofnunina (Centre for Economic Policy Research, CEPR) í London, Viðskipta- og hagfræðistofnun Bandaríkjanna og Japans (Center for U.S.-Japan Business and Economic Studies) við New York háskóla og Hagfræðistofnun Háskólans í München (Center for Economic Studies, CESifo). Eftir hann liggja fimmtán bækur og rösklega 100 ritgerðir og kaflar í erlendum og innlendum tímaritum og bókum auk nálega 500 blaðgreina og annarra smágreina.

Að loknu doktorsprófi frá Princetónháskóla 1976 starfaði hann sem hagfræðingur hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington 1976-1981. Hann var rannsóknarfélagi við Alþjóðahagfræðistofnunina í Stokkhólms-háskóla 1978-1996 og glistiprófessor í Princetónháskóla 1986-1988. Meðal bóka hans eru Markaðsbúskapur (með öðrum, 1994), sem hefur komið út á sautján tungumálum, þar á meðal rússnesku og kínversku, og einnig ritgerðasöfnin *Almannahagur* (1990), *Hagfræði, stjórnmal og menning* (1991), *Hagkvæmni og réttlæti* (1993), *Síðustu forvöð* (1995), *Viðskiptin efla alla dáð* (1999), *Framtíðin er annað land* (2001) og *Tveir heimar* (2005).



Þorvaldur Gylfason sést hér halda ræðu um Evrópumál á Ísafirði í maí 2007.



Evrópudómstóllinn dæmir gegn áfengiseinkaverslun sænska ríkisins

Evrópudómstóllinn hefur fellt dóm í máli varðandi innflutning á áfengi til Svíþjóðar. Hingað til hafa Svíar ekki mátt kaupa eða selja áfengi nema Systembolaget (sbr. ÁTVR á Íslandi). Það er einokunarfyrirtæki í eigu ríkisins.

Tveir Svíar voru sektaðir nýlega fyrir að kaupa vín frá Danmörku gegnum Internetið. Svíamir tveir töldu, að þarna hefði sænska ríkið brotið lög ESB (Svíþjóð er ESB land) um frjálsa verslun og frjálsa vöruflutninga milli ESB landa. Um eitthundrað Svíar skrifuðu undir ákærana.

Evrópudómstóllinn sýknaði Svíana og víasði til frjálsrar verslunar milli ESB ríkja. Málið hafði áður verið umfjöllunar í hæstarétti Svíþjóðar sem sendi málið til Evrópudómstólsins sem nú hefur kveðið upp endanlegan dóm. Annar Svíanna, Karl Rosenberg hefur fagnað niðurstöðu Evrópudómstólsins og segist hafa kært með mannréttindi og einstaklingsfrelsi í huga.

Menn telja þó óvíst, að dagar sænskrar einokunarslunar með áfengi séu liðnir. María Larsson, félagsmálaráðherra Svíþjóðar segir að enkasala ríkisins á áfengi og tóbaki muni halda áfram af forvarnarástæðum.

Sænska ríkið lagði einmitt mikla áherslu á eftirlit með áfengissölu og forvarnir í vörn sinni fyrir Evrópudómstólnum en dómaramir lögðu meir áherslu á verslunarfrelsi og hugmyndir ESB um Evrópu sem eitt markaðssvæði.